

2014

Ársskýrsla Fornverkaskólans



Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	1
STARFSEMI FORNVERKASKÓLANS 2014	2
STYRKIR	2
ERLENT SAMSTARF	4
NÁMSKEIÐ 2014	4
VEFNAÐUR Á KLJÁSTEINAVEFSTAÐ – 2-4. MAÍ	4
TYRFINGSSTAÐIR 19.-20. MAÍ	5
HLAÐAN VIÐ FJÁRHÚSIN „ÚT OG NIÐUR“	5

Starfsemi Fornverkaskólans 2014

Verkefnisstjóri:

Bryndís Zoëga starfsmaður Byggðasafns Skagfirðinga.

Heimasíða verkefnisins er www.fornverkaskolinn.is/www.glaumbaer.is/fornverkaskolinn

Stjórn skipa:

Atli Már Óskarsson, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Háskólanum á Hólum.

Sigríður Sigurðardóttir, Byggðasafni Skagfirðinga.

Kennarar á námskeiðum:

Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir listakona og kennari.

Helgi Sigurðsson, torf- og grjóthleðslumaður.

Ragnheiður Þórsdóttir vefari.

Styrkir

Styrkir fyrir starfsárið 2014	Kr.	Nýttur
<i>Menningarráð Norðurlands vestra</i>	200.000	2014
<i>Menningarráð Norðurlands vestra</i>	250.000	2015
<i>ARCH Network (Evrópuverkefni)</i>	903.302	2014
<i>Akrahreppur</i>	100.000	2014
Samtals	1.453.302 kr.	



Heildarstyrkir fyrir árið 2014 voru 1.453.302 kr. Stærsti styrkurinn var frá Menntaáætlun Evrópusambandsins fyrir verkefnið CHIST 2014 upp á 903.302 kr. Menningarráð Norðurlands vestra, sem stutt hefur dyggilega við Fornverkaskólann frá upphafi, veitti tvo styrki. Annars vegar 200.000 kr. styrk til þess að halda alþjóðlegt námskeið á Tyrfingstöðum í tengslum við CHIST 2014. Einnig veittu þeir styrk til þess að halda námskeið í torfhleðslu- og grindarsmíði en námskeiðinu var frestað og fékkst styrkurinn geymdur til ársins 2015. Akrahreppur styrkti Tyrfingsstaðaverkefnið um 100.000 kr.



Mynd 1. Húsin á Tyrfingsstöðum eru tekin í notkun eitt af öðru, fjárhúsin, fjósið, hlaðan og í gamla hlóðaeldhúsinu er reykt kjöt. Myndina tók Kristín Jóhannsdóttir í nóvember 2014.



Mynd 2. Það rigndi mikið á Tyrfingsstöðum í júlí mánuði en það var hlýtt og spretta góð eins og sjá má á gamla bænum sem var fagurgrænn þegar verkefnisstjóri Fornverkaskólans átti þar leið um.

Starfsemi Fornverkaskólans var í lágmarki árið 2014 þar sem fengust umtalsvert færri og smærri styrkir en undanfarin ár. Tvenn námskeið voru haldin og þau sóttu 12 nemendur. Fyrri námskeiði var í vefnaði á kljásteynavefstað og var haldið í Auðunarstofu á Hólum 2.-4. maí. Námskeiðið var styrkt af Menningarráði Norðurlands vestra og Menningarsjóði KS. Guðbrandsstofnun og Víglubiskupinn á Hólum lánuðu húsnæði fyrir námskeiðið og gistiðstöðu fyrir kennara. Hildur Hákonardóttir og Minjasafn Akureyrar lánuðu vefstaði. Bragi Skúlason húsasmíðameistari sá um uppsetningu á vefstöðunum og alla smíði sem því tengdist. Þessir aðilar fá sérstakar þakkir en án þeirra framlags hefði námskeiðið aldrei orðið að veruleika.

Síðara námskeiðið var í torfhleðslu og var haldið á Tyrfingsstöðum fyrir þátttakendur í CHIST 2014, evrópsku samstarfsverkefni sem Fornverkaskólinn er þáttakandi að. Ábúendur á Tyrfingsstöðum þau Kristín Jóhannsdóttir og Sigurður Björnsson tóku að venju drjúgan þátt í þeirri vinnu við undirbúning, námskeiðið sjálft og frágang. Að venju nutu nemendur, kennarar og aðrir sem að námskeiðinu komu einstakrar gestrisni þeirra.

Í október mánuði kostaði Byggðasafn Skagfirðinga lokaviðgerð á hlöðunni við fjárhúsin „út og niður“. Safnið kostaði sömuleiðis nýja heimasíðu Fornverkaskólans, sem tekin var í gagnið seint á árinu en sú gamla var orðin tæknilega úrelt.

Fyrir utan hina hefðbundnu starfsemi Fornverkaskólans, námskeiðahald og annað sem að þeim lýtur, annast verkefnisstjóri ýmis önnur verkefni sem tengjast honum. Verkefnisstjóri lauk við að setja ljósmyndir sem tilheyra Tyrfingsstaðaverkefninu inn á Sarp, sem er menningarsögulegt gagnasafn á netinu. Þar verða þær aðgengilegar á vefnum www.sarpur.is. Þar með er þó aðeins grunnskráningu ljósmyndanna lokið. Byggðasafn Skagfirðinga fékk styrk til verkefnisins úr Safnasjóði en safnið heldur utan um alla skráningu og ljósmyndun á námskeiðum Fornverkaskólans. Vonandi fæst áframhaldandi styrkur til þess að fullvinna skráninguna.

Á hverju ári berast verkefninu beiðnir frá ýmsum aðilum um aðkomu Fornverkaskólans að viðgerðum á gömlum húsum. Fornverkaskólinn hefur ekki haft bolmagn til þess að taka þátt í öllum þeim verkefnum enda hafa þau ekki öll hentað til námskeiðahalds. Sum hafa þó orðið að veruleika eins og t.d. torfhleðslunámskeið í Hjarðarhaga á Jökuldal 2012 og grjóthleðslunámskeið í Kringlumýri og Flatatungu í Skagafirði. Áherslan hefur þó verið og

verður áfram á viðgerðir og uppbyggingu á Tyrfingsstöðum. Fjölmörg önnur erindi berast og er þeim svarað eftir getu eða beint áfram til viðeigandi aðila.

Erlent samstarf

Fornverkaskólinn hefur frá árinu 2012 verið þátttakandi í evrópsku samstarfsverkefni sem nefnist CHIST eða Cultural Heritage Interpretation and Sustainable Tourism. Það er styrkt af Menntaáætlun Evrópusambandsins og samstarfsaðili Fornverkaskólans eru skosk samtök sem nefnast Arch Network. Fornverkaskólinn hefur á árunum 2012-2014 tekið á móti þremur sexmanna hópum frá Skotlandi. Þátttakendur koma frá ýmsum stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum í Skotlandi sem eiga það sameiginlegt að starfa að minjavörslu eða menningartengdri ferðaþjónustu. Hópurinn dvaldi á Íslandi 18.-24. maí, lengst af í Skagafirði. Byrjað var á tveggja daga námskeiði á Tyrfingsstöðum þar sem að þátttakendur fengu kennslu í torfskurði og torfhleðslu undir stjórn Helga Sigurðssonar hjá Fornverki ehf. Meðan á dvölinni stóð voru skoðuð mörg þeirra húsa og kirkna sem tilheyra Húsasafni Þjóðminjasafnsins s.s. bæjardyrnar á Reynistað, Glaumbær og Víðimýri. Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga kynntu starfsemi og rannsóknir Byggðasafnsins í Auðunarstofu á Hólum og þar fengu þátttakendur einnig tækifæri til þess að kynna sína starfsemi. Í bland voru skoðaðar nokkrar af náttúruperlum Skagafjarðar, farið var í dagsferð til Mývatns og dvölin endaði með viðkomu í úrhellis rigningu á Þingvöllum.

Námskeið 2014

Vefnaður á kljásteinavefstað – 2-4. maí



Mynd 3. Fitjað utan um uppistöðuþræðina.



Mynd 4. Hér er búið að sauma uppistöðuna á voðmeiðinn.

Námskeiði Vefnaður á Kljásteinavefstað var haldið í Auðunarstofu á Hólum í Hjaltadal dagana 2.-4. maí. Kennarar voru Guðrún H. Bjarnadóttir (Hadda) og Ragnheiður Þórsdóttir en þær höfðu báðar farið á vegum Byggðasafns Skagfirðinga til Noregs að læra að vefa í kljásteinavefstað. Nemendur voru 6, allt konur, og komu allar af höfuðborgarsvæðinu og norðvesturlandi. Fjöldi nemenda réðst af þeim þremur vefstöðum sem fengnir voru að láni fyrir námskeiðið en tveir geta ofið við hvern stað. Fyrstu tveir dagarnir fóru í að setja upp vefinn; rekja í slöngu (uppistöðuþráð), sauma vefinn upp á voðmeið, kljá, fitja og hnýta haföld (höföld) en að því loknu var hægt að byrja að vefa. Flestir þátttakenda notuðu röggva (ullarlagð) í vefinn eins og gert var forðum þegar ofnir voru röggvar- eða varafeldir.



Mynd 5. Einn nemenda kom með eigið band sem er jurtalitað en annars var notast við tvinnnað einband frá Ístex í hefðbundnum sauðalitum.



Mynd 6. Hér eru ofnir röggvar í vefinn eins og gert var þegar ofnir voru röggvarfeldir til forna. Feldirnir voru útflutningsvara.

Tyrfingsstaðir 19.-20. maí

Námskeiðið var hluti af Evrópuverkefninu CHIST 2014 og komu nemendur allir frá Skotlandi, sex að tölu. Kennari á námskeiðinu var Helgi Sigurðsson hjá Fornverki ehf. Námskeiðið byrjaði á torfskurði á Glaumbæjareyjum þar sem nemendur lærðu að rista torfur og strengi. Síðan var haldið í Tyrfingsstaði þar sem stungnar voru klömbrur sem síðan voru notaðar í vegg í hlöðunni við fjárhúsin „út og niður“. Nemendur náðu að klára hlöðuveggina á námskeiðinu. Hleðslan er nokkuð óhefðbundin þar sem að klömbruhnausarnir snúa allir til sömu áttar og mynda því ekki hið hefðbundna klömbrumynstur.



Mynd 7. Helgi Sigurðsson hjá Fornverki ehf. kennir nemendum að rista (skera) torf með torfljá.



Mynd 8. Hópurinn við hlöðuna að loknu dagsverki. Á myndinni eru frá hægri Neil Buchan, Derek Alexander, Susan Bain, Andrew Gallagher, Helgi Sigurðsson, Sigurður Björnsson, Alan Cormie og David Sneddon.

Hlaðan við fjárhúsin „út og niður“

Í októbermánuði var lokið við hlöðuna við fjárhúsin „út og niður“. Torfveggir voru hlaðnir á námskeiðum Fornverkaskólans en út af stóð að smíða grind í húsið og setja á það þak, sem unnið var í október, fyrir styrk úr Húsafriðunarsjóði sem Byggðasafns Skagfirðinga fékk til efnistöku og viðgerða á Tyrfingsstöðum. Helgi Sigurðsson hjá Fornverki ehf. stjórnaði

verkinu og tók einn dag að reisa grindina og annan að tyrfa þakið. Nú stendur hlaðan tilbúin til notkunar fyrir ábúendur á Tyrfingsstöðum.



Mynd 9. Myndin er tekinn inni í hlöðunni þegar þakið var komið á. Ljós. Helgi Sigurðsson.



Mynd 10. Hlaðan við fjárhúsið „út og niður“ tilbúin til notkunar. Ljós. Helgi Sigurðsson.